

246. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 8. MARS 2016 KL 9:30

haldinn í Skálholti

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
2. Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015
 - a) Samningur milli biskupsstofu og kirkjuráðs
 - b) Tilfærsla starfsfólks
 - c) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016
 - d) Verklag við öflun og framlagningu gagna
 - e) Afturköllun ákvörðunar um launanefnd
 - f) Afturköllun ákvörðunar um innra eftirlit
 - g) Verklagsreglur fyrir fundi og á milli funda
 - h) Endurskoðun starfslýsingar framkvæmdastjóra
 - i) Meðferð álitsgerðarinnar
3. Minnisblað biskups Íslands 6. janúar 2016
 - a) Tillaga forseta kirkjuráðs um sætisvikningu.
4. Kvörtun framkvæmdastjóra kirkjuráðs
 - a) Bréf staðgengils forseta kirkjuráðs
5. Fjármál
 - b) Yfirlit yfir útgjaldaliði sem fóru fram úr samþykktum fjárhagsáætlun Biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015
 - c) Reikningar liggja frammi til skoðunar vegna Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015
 - d) Bréf frá Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
6. Bréf frá stjórnendum Biskupsstofu
7. Kirkjutónlistarmál : Húsnæðismál Tónskóla þjóðkirkjunnar
 - a) Húsnæðismál
 - b) Stutt kynning á starfi verkefnisstjóra kirkjutónlistar
8. Skálholt
 - a) Kirkjuskoðun

- b) Farið yfir starfsemi í Skálholti með heimamönnum
- c) Uppgjör síðasta árs.
- d) Skýrsla VERKÍS um ástand Skálholtskirkju. Framhald viðgerða á Skálholtsskóla, áform um viðgerð Skálholtskirkju, framhald viðgerða í Skálholtsbúðum og viðgerð Rangæingabúðar. (Arnór)
- e) Vatnsveitumál. Frágangur í Þorlákshver. Kaldavatnslagnir.
- f) Votlendismálin. Samþykkt kirkjuráðs til staðfestingar áformum um endurheimt votlendis. Umsókn til Auðlindar. Samningur við Landsvirkjun.
- g) Skógræktarmál. Framhald gróðursetningar í Ásunum. Samvinna við Skógræktarfélag Íslands.
- h) Deiliskipulagsvinnan. Hugmyndir kirkjuráðs um nýtingu jarðarinnar og byggingar í Skálholti
- i) Verndaráætlun Minjastofnunar
- j) Stofnun verndarsjóðs um viðgerð glugganna, Samþykkt kirkjuráðs

9. Mál með forseta kirkjuþings

- a) Kirkjuþing í apríl
- b) Upplýsingar um gang viðræðna við ríkið
- c) Ósk um fjárveitingu vegna viðræðunefndar um fjársamskipti ríkis og kirkju
- d) Starfsreglur um Biskupsstofu

10. Kirkjustarfshópur kirkjuráðs

- a) Fundargerð kirkjustarfshóps
- b) Erindi frá séra Kristni Ágústi Friðfinnssyni dagsett 1.2.2016

11. Fasteignir

- c) Skarðskirkja á Landi
- d) Veiðiréttindi í Affalli
- e) Borg á Mýrum. Mótorcross. Mótmæli
- f) Jarðstrengur í jörð í landi Brúna
- g) Endurnýjun háspennukerfis frá Stóra Kroppi að Reykholti
- h) Valþjófsstaður
- i) Nesdalur og Sæbólsheiðar í Ísafjarðarbæ
- j) Hellnakirkja

12. Samstarfsverkefni biskups Íslands og kirkjuráðs til kynningar

- a) Umhverfismál
- b) Fjölgun í Þjóðkirkjunni
- c) Forvarnir vegna kynferðisbrotamála: Verklagsreglur og aðgerðaáætlun
- d) Jafnréttisáætlun
- e) Kynningarmál

13. Önnur mál

- a) Reykhólar bréf frá sóknarnefnd

- b) Þjóðmálanefnd, fundargerð
- c) Njarðvíkursóknir, fjármál
- d) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar
- e) Starfshópar kirkjuráðs, starfsfólk.
- f) Launanefnd þjóðkirkjunnar.
- g) Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mál nr. 1/2015
- h) Bréf biskups til forseta kirkjuþings 2. mars sl.
- i) Skipurit Biskupsstofu
- j) Semínar um fjármál kirknanna í nágrannalöndunum

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐIR SÍÐUSTU FUNDI

Fundurinn hófst í Skálholtsskóla kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs vék af fundi undir dagskrárliðum 3 og 4.

Biskup Íslands vék af fundi undir dagskrárlið 4 og stýrði staðgengill biskups Íslands, vígslubiskup í Skálholti, fundi undir þeim dagskrárlið. Jafnframt sat vígslubiskup fundinn undir dagskrárlið 8.

Biskupsritari vék af fundi undir dagskrárlið 4 og annaðist séra Gísli Gunnarsson fundarritun undir þeim dagskrárlið.

Séra Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, Jón Bjarnason organisti, Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar, séra Halldór Reynisson verkefnisstjóri fræðslumála, Sölvi Hilmarsson matreiðslumaður, Elínborg Sigurðardóttir, gjaldkeri sóknarnefndar Skálholtssóknar, Ásgeir Ásgeirsson og Jóna Þormóðsdóttir ábúendur í Skálholti sátu fundinn undir dagskrárlið 8 b.

Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, séra Þorvaldur Karl Helgason, Kristófer Tómasson, sveitastjóri, Þórarinn Þorfinnsson, varamaður í stjórn, Hólmfríður Ingólfssdóttir, staðarhaldari í Skálholti, Arnór Skúlason, verkefnisstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu, sátu fundinn undir dagskrárliðum 8 b – 1.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlið 9.

Biskup setti fund með ritningarlestri og bæn.

Biskup óskaði eftir að bókað yrði að stjórnendur sitji kirkjuráðsfundi til áheyrnar og til upplýsingagjafar.

Kirkjuráð samþykkti þá tillögu með þeirri breytingu að stjórnendur verði kallaðir inn á fundi kirkjuráðs þegar tiltekin mál eru til umræðu á fundum kirkjuráðs en séu ekki ávallt boðaðir á fundi.

Fundargerðir 243., 244. og 245. kirkjuráðsfunda voru undirritaðar.

2. ÁLITSGERÐ UM VALDMÖRK BISKUPS ÍSLANDS OG KIRKJURÁÐS ÞJÓÐKIRKJUNNAR, REIST Á ERINDISBRÉFI KIRKJURÁÐS 20. NÓVEMBER 2015

a) *Samningur milli Biskupsstofu og kirkjuráðs.*

Biskup fjallaði um drög að samkomulagi milli Biskupsstofu og kirkjuráðs.

Málið verður lagt fyrir á næsta fundi.

b) *Tilfærsla starfsfólks.*

Biskup fjallaði um minnisblað um tilfærslu starfsfólks milli Biskupsstofu og kirkjuráðs.

Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

c) *Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016.*

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að vinna að endurskoðun fjárhagsáætlunar Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Biskupsstofu og leggja tillögur sínar fyrir næsta fund kirkjuráðs.

d) *Verklag við öflun og framlagningu gagna.*

Biskup kynnti málið og málið rætt.

e) *Afturköllun ákvörðunar um launanefnd (samþykkt á fundi 25. ágúst 2015, 4. mál og 10. mál 18. sept.)*

Kirkjuráð samþykkti að taka málið fyrir á næsta fundi.

f) *Afturköllun ákvörðunar um innra eftirlit (samþykkt á fundi 17. nóvember, 6. mál b; 3. mál 12. jan. 2016; 3. mál 1. febr.)*

Kirkjuráð samþykkti að taka málið fyrir á næsta fundi.

g) *Verklagsreglur fyrir fundi og á milli funda.*

Málin rædd.

h) *Endurskoðun starfslýsingar framkvæmdastjóra.*

Kirkjuráð samþykkti að endurskoða starfslýsingu framkvæmdastjóra.

Málið verður afgreitt á næsta fundi.

i) *Meðferð álitserðarinnar.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að senda kirkjuþingsfulltrúum álitserðina og birta hana á vef kirkjunnar.

3. MINNISBLAÐ BISKUPS ÍSLANDS 6. JANÚAR 2016

a) *Tillaga forseta kirkjuráðs um sætisvikningu.*

Biskup Íslands bar upp eftirfarandi tillögu: Þar sem forseti kirkjuráðs og kjörnir aðalmenn í kirkjuráði hafa áritað reikninga sem tengdir eru minnisblaðinu frá 6. janúar sl. legg ég til að forseti kirkjuráðs og kjörnir fulltrúar í kirkjuráði víki sæti við afgreiðslu málsins, vegna aðildar sinnar að málinu.

Hinir kjörnu fulltrúar kirkjuráðs höfnuðu tillögunni.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við framkvæmdastjóra kirkjuráðs að hann svari efnislega innihaldi minnisblaðsins á næsta fundi kirkjuráðs.

Kirkjuráð og biskup eru sammála um að fá inn á Biskupsstofu vinnustaðasálfræðing til að vinna málið áfram í ljósi þess kvörtunarbréfs sem kirkjuráði barst frá framkvæmdastjóra.

4. KVÖRTUN FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS

a) *Bréf staðgengils forseta kirkjuráðs.*

Vígslubiskup Skálholtsumdæmis lagði fram og kynnti bréf sitt frá 22. febrúar sl.

Kirkjuráð samþykkti að setja málið í sama ferli og lið 3 í fundargerðinni og að kirkjuráði verði kynnt niðurstaða þeirrar vinnu þegar hún liggur fyrir.

5. FJÁRMÁL

a) *Yfirlit yfir útgjaldaliði sem fóru fram úr samþykktum fjárhagsáætlun Biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015.*

Yfirlit yfir útgjaldaliði úr Biskupsstofu og Kirkjumálasjóði fyrir árið 2015 lagðir fram.

Kirkjuráð samþykkti að fjármálahópur kirkjuráðs muni skoða upplýsingarnar fyrir næsta fund.

b) *Reikningar liggja frammi til skoðunar vegna Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015.*

Reikningar vegna Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015 lagðir fram.

Kirkjuráð samþykkti að fjármálahópur kirkjuráðs muni skoða upplýsingarnar fyrir næsta fund.

c) *Bréf frá Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.*

Bréf frá Reykjavíkurrófastsdæmi eystra dagsett 2. mars sl. lagt fram.

Kirkjuráð mun taka málið fyrir á fundi við gerð fjárhagsáætlunar 2017.

6. BRÉF FRÁ STJÓRNENDUM BISKUPSSTOFU

Bréf til kirkjuráðs frá stjórnendum Biskupsstofu dagsett 3. mars sl. lagt fram.

Séra Gísli Gunnarsson svaraði bréfinu með tölvupósti.

7. KIRKJUTÓNLISTARMÁL

a) *Húsnæðismál Tónskóla þjóðkirkjunnar.*

Biskup reifaði hugmyndir um húsnæðismál Tónskóla þjóðkirkjunnar.

b) *Stutt kynning á starfi verkefnisstjóra kirkjutónlistar.*

Verkefnisstjóri kirkjutónlistar lagði fram minnisblað um starf sitt.

8. SKÁLHOLT

a) *Kirkjuskoðun.*

Kirkjuráð naut leiðsagnar vígslubiskups um Skálholtsdómkirkju og var bókasafnið í turni kirkjunnar m.a. skoðað.

b) *Farið yfir starfsemi í Skálholti með heimamönnum.*

Verkefnisstjóri kirkjutónlistar þjóðkirkjunnar kynnti starf sitt, en hún hefur starfsaðstöðu í Skálholti. Verkefnisstjórinn mun auk annarra verkefna annast skipulagningu á Sumartónleikum í Skálholti 2016.

Sóknarprestur í Skálholti kynnti starf safnaðarins og helgihald í prestakallinu.

Formaður stjórnar Skálholtsstaðar kynnti starf stjórnarinnar og framtíðarsýn. Stór skýrsla liggur fyrir varðandi ástand húsnæðisins á Skálholtsstað. Formaður ræddi um endurheimt votlendis, skógrækt, deiliskipulag og framhald búskapar á Skálholtsstað. Íbúafundur var haldinn í Skálholti fyrir skömmu varðandi deiliskipulag á Skálholtsstað. Verið er að endurnýja hljóðkerfi í kirkjunni. Verið er að gera við stólana í kirkjunni. Umsókn til fornleifastofnunar vegna fornleifaskráningar.

Verkefnisstjóri fræðslumála dreifði verkefnaáætlun og ræddi um verkefni í Skálholtsskóla. Skálholtsskóli er kirkjuleg miðstöð, þar sem kyrrðardagar og umhverfismál eru stórir póstar, þar sem markhóparnir eru m.a. prestar, djáknar og starfsfólk kirkjunnar.

Sveitastjóri ræddi um ferðapjónustuna í sveitinni og á Skálholtsstað. Stjórn Skálholtsstaðar skoðar alvarlega hvernig unnt er að haga gjaldtöku af þjónustu við ferðamenn.

Staðarhaldari í Skálholti ræddi mikilvægi þess að koma upp góðu móttökuhúsi á staðnum.

Kokkur Skálholtsskóla ræddi um aðstöðuna í eldhúsi Skálholtsskóla.

Gjaldkeri sóknarnefndar Skálholtssóknar kynnti rekstur sóknarinnar og þau verkefni sem sóknin stendur frammi fyrir varðandi rekstur safnaðarins. Hún ræddi um mikilvægi þess að búskapur haldi áfram í Skálholti.

Ábúendur tilkynntu kirkjuráði að þau hjón hyggjast halda áfram búskap í Skálholti.

Organisti Skálholtskirkju kynnti tónlistarstarf sóknanna. Skálholtskirkja er vinsæl fyrir tónleika og athafnir.

Kirkjuráðsmaður spurði hvort hafi staðið til að sameina sóknir í prestakallinu. Sóknarprestur og gjaldkeri sóknarnefnda reifuðu þá stöðu og samstarf sóknanna, en þær eru í sóknarsamlagi.

c) *Uppgjör síðasta árs.*

Rætt um uppgjör ársins 2015 og fjárhagsáætlun ársins 2016. Rætt um þann möguleika að færa vinnslu bókhalds vegna rekstursins í Skálholti í Skálholt.

d) *Skýrsla VERKÍS um ástand Skálholtskirkju. Framhald viðgerða á Skálholtsskóla, áform um viðgerð Skálholtskirkju, framhald viðgerða í Skálholtsbúðum og viðgerð Rangæingabúðar.*

Skýrsla VERKÍS um ástand Skálholtskirkju lögð fram. Framhald viðgerða á Skálholtsskóla, áform um viðgerð Skálholtskirkju, framhald viðgerða í Skálholtsbúðum og viðgerð Rangæingabúðar. Minnisblað VERKÍS um Rangæingabúð lagt fram.

Verkefnisstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu kynnti málið.

e) *Vatnsveitumál. Frágangur í Þorlákshver. Kaldavatnslagnir.*

Verkefnisstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu kynnti málið.

f) *Votlendismálin. Samþykkt kirkjuráðs til staðfestingar áformum um endurheimt votlendis. Umsókn til Auðlindar. Samningur við Landsvirkjun.*

Minnisblað Votlendisseturs LbhÍ frá 6. janúar sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að ganga til samstarfs um endurheimt votlendis undir faglegri umsjá Votlendisseturs LbhÍ með samningi við Landsvirkjun og umsókn um styrk til Auðlindar.

g) *Skógræktarmál. Framhald gróðursetningar í Ásunum. Samvinna við Skógræktarfélag Íslands.*

Formaður stjórnar Skálholtsstaðar ræddi um samvinnu við Skógræktarfélag Íslands.

h) *Deiliskipulagsvinna. Hugmyndir kirkjuráðs um nýtingu jarðarinnar og byggingar í Skálholti.*

Lýsing á skipulagsverkefni samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og matslýsing vegna deiliskipulags samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 frá 3.7.2013 lögð fram.

Vígslubiskup í Skálholti kynnti málið.

i) *Verndaráætlun Minjastofnunar*

Verndaráætlun Minjastofnunar Íslands fyrir Skálholt frá febrúar 2016.

Kirkjuráð samþykkti að fela vígslubiskupi í Skálholti f.h. kirkjuráðs að staðfesta verndaráætlun Minjastofnunar fyrir Skálholt.

j) *Stofnun verndarsjóðs um viðgerð glugganna, Samþykkt kirkjuráðs.*

Formaður stjórnar Skálholtsstaðar kynnti drög að skipulagsskrá fyrir stofnun verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju.

Kirkjuráð samþykkti að stofnaður verði verndarsjóður Skálholtsdómkirkju.

9. KIRKJUÞING

a) Kirkjuþing í apríl.

Forseti kirkjuþings ræddi um undirbúning næsta fundar kirkjuþings. Stefnt er að því að næsti fundur kirkjuþings verði í Digraneskirkju föstudaginn 15. apríl nk. kl. 13 og mun þingið starfa fram á laugardaginn 16. apríl.

b) Upplýsingar um gang viðræðna við ríkið.

Forseti kirkjuþings, sem er formaður samninganefndar kirkjunnar í viðræðum við ríkisvaldið um fjársamskipti ríkis og kirkju, greindi frá þeim tveimur samningafundum sem haldnir hafa verið.

c) Ósk um fjárveitingu vegna viðræðunefndar um kirkjujarðasamkomulagið.

Kirkjuráð samþykkti að veita 2 m.kr. úr Kirkjumálasjóði til viðræðunefndar kirkjunnar vegna fjársamskipta ríkis og kirkju, til sérfræðiaðstoðar.

d) Starfsreglur um Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að veita allt að 2 m.kr. úr Kirkjumálasjóði til forsætisnefndar kirkjuþings til að undirbúa tillögur að starfsreglum um Biskupsstofu.

10. FUNDARGERÐ KIRKJUSTARFSHÓPS

a) Fundargerð kirkjustarfshóps.

Fundargerð kirkjustarfshóps lögð fram til kynningar.

b) Erindi frá sr. Kristni Ágústi Friðfinnssyni

Bréf frá séra Kristni Ágústi dagsett 1. 2. 2016.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að fjalla um málið og undirbúa afgreiðslu þess fyrir næsta fund.

11. FASTEIGNIR

a) Skarðskirkja á Landi.

Erindi frá formanni sóknarnefnda varðandi byggingu þjónustuhúss lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

b) Veiðiréttindi í Affalli.

Bréf frá Kristni Jónssyni Staðarbakka varðandi staðfestingu á réttri tilgreiningu eigenda veiðiréttar í Affalli lagt fram ásamt fylgigögnum.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins á næsta kirkjuráðsfundi.

c) Borg á Mýrum. Mótorcross. Mótmæli.

Lýsing á breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 frá 28. 1. 2016 lögð fram.

Erindi frá prófasti Vesturlandsprófastsdæmis dagsett 24. febrúar sl. varðandi fyrirhugaða lagningu mótorcross brautar í nágrenni prestssetursjarðarinnar Borgar á Mýrum, ásamt bréfi verkefnisstjóra fasteignasviðs Biskupsstofu dagsett 26. febrúar sl. ásamt bréfi prófasts til umhverfis- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar dagsett 28. febrúar sl. ásamt bréfi frá Lilju Árnadóttur til Skipulags- og umhverfisnefndar Borgarbyggðar lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti að mótmæla áformum um fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi, sem felst í lagningu Mótorcross brautar í nágrenni Borgar á Mýrum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma mótmælunum á framfæri til viðeigandi aðila.

d) Jarðstrengur í jörð í landi Brúna.

Bréf frá Sigmundi Sigurðssyni skrifstofustjóra RARIK frá 26. febrúar sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að jarðstrengurinn sé lagður í jörð.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

e) Endurnýjun háspennukerfis frá Stóra Kroppi að Reykholti.

Bréf frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni f.h. RARIK dagsett 2. mars sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að háspennukerfið frá Stóra Kroppi að Reykholti verði endurnýjað.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

f) Valþjófsstaður.

Bréf frá Umhverfisstofnun til Kirkjumálasjóðs dagsett 5. janúar sl. lagt fram.

Framkvæmdastjóri kynnti bréfið og fleiri atriði er tengjast Valþjófsstað.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málanna á næsta kirkjuráðsfundi.

g) Nesdalur og Sæbólsheiðar í Ísafjarðarbæ.

Bréf til fasteignasviðs þjóðkirkjunnar frá Bjarna Maríusi Jónssyni dagsett 9. febrúar sl.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins á næsta kirkjuráðsfundi.

h) Hellnakirkja.

Eignarhald á landi Hellnakirkju. Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

12. SAMSTARFSVERKEFNI BISKUPS ÍSLANDS OG KIRKJURÁÐS TIL KYNNINGAR

a) *Umhverfismál.*

Biskup reifaði málið.

b) *Fjölgun í Þjóðkirkjunni.*

Kirkjustarfshópur kirkjuráðs hefur málið til umfjöllunar.

c) *Forvarnir vegna kynferðisbrotamála: Verklagsreglur og aðgerðaáætlun.*

Biskup kynnti stöðu mála.

d) *Jafnréttisáætlun (samræming á starfi og fjölskyldulífi, sbr. áætlunina).*

Biskup kynnti stöðu mála.

e) *Kynningarmál.*

Biskup kynnti stöðu mála.

13. ÖNNUR MÁL

a) *Reykhólar, bréf frá sóknarnefnd.*

Bréf frá sóknarnefnd Reykhólasóknar dagsett 3. mars sl. varðandi stöðu organista við Reykhólaprestakall lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að benda sóknarnefndinni á að sækja um í Jöfnunarsjóð sókna fyrir 15. júní 2016.

b) *Þjóðmálanefnd, fundargerð.*

Fundargerð Þjóðmálanefndar frá 3. mars sl. lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að endurskoða úthlutun til nefndarinnar við endurskoðun fjárhagsáætlunar.

c) *Njarðvíkursóknir, fjármál.*

Bréf frá formönnum sóknarnefnda Njarðvíkurprestakalls frá 22. febrúar lagt fram. Álitsgerð um heimild kirkjusókna til greiðslu launa og starfskostnaðar presta, sem unnin var af Lögfræðistofu Suðurnesja lögð fram ásamt fleiri gögnum er málið varðar.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

d) *Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar.*

Bréf frá formanni nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar dagsett 7. mars sl. lagt fram varðandi beiðni um að fá að nýta ónýtta fjárheimild liðins árs á þessu ári.

Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til fjármálahóps kirkjuráðs sem geri tillögu að afgreiðslu málsins fyrir næsta kirkjuráðsfund.

e) *Starfshópar kirkjuráðs, starfsfólk.*

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því að fjármálastjóri Biskupsstofu starfi með fjármálahópi kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti að framkvæmdastjóri kirkjuráðs starfi með kirkjustarfshópi kirkjuráðs og lagahópi kirkjuráðs.

f) *Launanefnd þjóðkirkjunnar, erindi frá framkvæmdastjóra.*

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs baðst frá því að vera formaður nefndarinnar. Kirkjuráð samþykkti að fela Ingu Rún Ólafsdóttur formennsku í nefndinni.

g) *Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar niðurstaða í máli 1/2015.*

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2015.

h) *Bréf biskup til forseta kirkjuþing 2. mars sl.*

Biskup lagði fram til kynningar bréf til forseta kirkjuþings dagsett 2. mars sl.

i) *Skipurit Biskupsstofu.*

Biskup kynnti að skipurit Biskupsstofu hefur verið fjarlægt af heimasíðu kirkjunnar í ljósi ofangreindrar álitsgerðar.

j) *Semínar um fjármál kirknanna í nágrannalöndunum*

Biskup kynnti fyrirhugað semínar um fjármál kirkna nágrannalandanna. Kirkjuráð samþykkti að taka þátt í fyrirhuguðu semínari.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:25.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu þriðjudaginn 5. apríl nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.

